

19. febrúar 1980.

193

Nr. 133.

## REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíð 1980.

### 1. gr.

Drátt fyrir ákvæði reglugerðar nr. 115 12. febrúar 1980, um bann við loðnuveiðum á vetrarvertíð 1980, er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita þeim bátum, er loðnuveiðar hafa stundað á árinu 1980, leyfi til þess að stunda loðnuveiðar til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíðinni 1980.

### 2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur skipt því aflamagni, sem það ákveður að veiða megi til frystingar og hrognatöku milli einstakra loðnuskipa. Ennfremur getur ráðuneytið bundið leyfi þeim skilyrðum er þurfa þykir m. a. til þess að tryggja sem besta nýtingu þess aflamagns, sem skipum er leyft að veiða. Getur ráðuneytið í þessu skyni m. a. ákveðið, hversu mikinn afla skip megi taka í hverri veiðiferð.

### 3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1980.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*